

**Ed.**

**743. Frumvarp til laga**

**[171. mál]**

um breyting á lögum nr. 36 16. febr. 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna verði: Lánadeild smáíbúða.

2. gr.

Í stað orðanna „smárra íbúðarhúsa“ í 38. gr. laganna komi: smárra íbúða.

3. gr.

40. gr. laganna hljóði þannig:

Lán þau, sem lánadeild smáíbúða veitir, skulu tryggð með 2. og 3. veðrétti í íbúð þeirri, sem féð er lánað til. Ársvextir skulu vera  $5\frac{1}{2}$  af hundraði og lánstími allt að 15 ár. Eigi má veita hærri lán til herrar smáíbúðar en 30 þúsund krónur, og eigi má hvíla hærri upphæð samanlagt á fyrri veðréttum og veðrétti þeim, er lánadeildin hefur fyrir sínu láni til smáíbúðar, en 100 þúsund krónur.

4. gr.

41. gr. laganna breytist þannig:

- a. Aftan við 1. tölul. bætist: eða sambyggingu, sem smáíbúð hans er í.
- b. Í stað orðsins „húsinu“ í 3. tölul. komi: íbúðinni.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.